

SÚÐAVÍKURHREPPUR

3. FUNDUR SKIPULAGS-BYGGINGA-UMHVERFIS OG SAMGÖNGUNEFNDAR

KJÖRTÍMABILID 2018-2022

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS, ÞRIÐJUDAGINN 7. MAÍ. 2019, KL. 17:00

Mættir eru Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Þorbergur Kjartansson, Jóhann Birkir Helgason, Bragi Þór Thoroddsen og Valgeir Scott. Fundargerð ritar Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri.

Fundinn setur Anna Lind Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Súðavíkur 2018-2022
2. Deiliskipulag innan Langeyrar (Kalkþörungaverksmiðja)
3. Deiliskipulag Langeyrar (breyting á núverandi deiliskipulagi)
4. Langeyrrahöfn, umhverfismat framkvæmda
5. Umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir og verkstæði inn í Seyðisfirði sbr. bréf Guðmundar Ólafssonar dags. 6. maí 2019.

Til máls tekur Jóhann Birkir Helgason.

Liður 1. Tekið er fyrir Aðalskipulag Súðavíkur 2018-2022

Áhrif á umhverfi – Jóhann Birkir. Vísar í það sem er nýtt í skipulagi. Skipulag haf- og strandsvæða er tekið fyrir en það er alla jafna ekki hlutverk sveitarfélaga. En það var ákveðið að taka það inn. Undir kafla sérstakra framkvæmda – þar er farið yfir kosti og galla þess að hafa kalkþörungaverksmiðju – þrír kostir. Verksmiðja verður keyrð á gasi fyrst um sinn og á svæðinu er hvalbein (fornleifar). Verður allt skoðað með þeim sem eiga hlut að. Hávaði og ásynd er tekið fyrir í skipulagi. Áhrif eru lítil samkvæmt mati. Samgöngubætur – vegir, göng. Raflínur koma inn á og valkostir. Virkjanir – umræður í kafla um ósnortið víðerni og nálægð. Þær litlu virkjanir sem eru á svæðinu hafa ekki áhrif í skipulagi. Það er mat Verkís að það þurfi að fylgja rammaáætlun varðandi það að setja virkjanir (stærri) inn á skipulag. Fram kemur að vatnasvið Hvannadalsvirkjunar varðar fimm sveitarfélög og því ekki búið að fastsetja það hvernig málum verði háttað með skipulag og rammaáætlun. Það myndi kalla á breytt aðalskipulag að taka þetta inn – hvort heldur sem er ef af virkjunaráformum verður enda á það undir rammaáætlun. Þetta hefur verið tekið fyrir með sveitarstjórn og var komið í umræður á Vestfjarðastofu, að ræða þetta til hlítar milli sveitarfélaga. Umræður um virkjunaráform og hversu langt þetta er komið hjá þeim sem hlut eiga að; Orkubú Vestfjarða og Vesturverk. Fyrirhugaðar virkjanir þurfa að fara inn á rammaáætlun fyrst. Það varðar ekki Súðavíkurhrepp á þessum tímapunkti. Ekki fara að setja inn á aðalskipulag virkjun sem ekki er á rammaáætlun og óþarft að raska því jafnvægi fyrirfram sem er.

Hvað varðar Vigur – einhver áform voru uppi um að setja Vigur í hverfisvernd, en ýmsar umræður hafa verið um eyнна vena áformaðrar sölu. Landeigandi var því andvígur að setja inn kvaðir á staðinn. Vigur er til sölu líkt og þekkt er og gæti það haft áhrif á sölu á eyinni ef það væri gert á þessum tímapunkti. Fyrir liggur tillaga um að friða Vigur hjá Umhverfisstofnun en það er ekki þekkt hver afdrif eru eða hver framvinda er, né um tímaramma. Ef til þess

kemur þarf að breyta áfromum með Vigur verður það undir deiliskipulagi, eftir því sem við á. Friðun og kvaðir á eynni ræddar. Valgeir Scott spyr um áform um jarðgangnagerð. Jóhann Birkir bendir á að það hafi skarast áform sveitarfélagsins og þess að göng eru ekki á samgönguáætlun. A.ö.l. ekki miklar breytingar á aðalskipulagi en þær sem þegar er getið.

Bókun: Skipulags-, bygginga-, samgöngu- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn Súðavíkurhrepps að aðalskipulagið fari í málsmeðferð í samræmi 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Liður 2. Tekið er fyrir Deiliskipulag innan Langeyrar (Kalkþörungaverksmiðju)

Rætt um deiliskipulagið og nábýli við þá sem þar eiga land varðandi áform um uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju innan Langeyrar. Ákveðið að falla frá áformaðri lóð við enda þess svæðis sem færi undir verksmiðju. Málsmeðferð er sú að búið er að gera lýsingu og fá umsagnir og taka tillit til umsagna. Tekið tillit til breytingu á rúmmetrum fyllingar og fyrirbyggjandi matsskýrslu. Sjá lið 4.6. í skipulaginu. Lóðin er 36.000 fm². Hæð byggingar um 20 m og gert ráð fyrir að strompur verði að hámarki 2 m yfir það. Umræður um aðstæður og það sem hefur lærst frá aðstæðum á Bíldudal um rekstur verksmiðjunnar. Lagt er til að auglýst verði í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Liður 3. Deiliskipulag hafnarsvæðis inn af Langeyri í Súðavík: Iðnaðar- og athafnasvæði – 3. maí 2019.

Rætt um skilgreiningu þess húsnaðis og bygginga sem er að finna á svæðinu. Skilgreint iðnaðar og athafnasvæði. Nefnin leggur til að auglýst verði í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Liður 4. Langeyrarhöfn, umhverfismat framkvæmda.

Rætt um fyrirhugaðan og fyrirsjáanlegan kostnað vegna umhverfismats og þeirrar vinnu sem þarf að fara í vegna hafnarmannvirkja og fyrirhugaðrar efnistöku. Vegagerð ber 75% og 25% falli í hlut Súðavíkurhrepps. Staðan rædd og sú málsmeðferð sem þarf að ákvarða. Nefndin leggur til að sveitarstjórn taki þetta til ákvörðunar.

Liður 5. Umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir og verkstæði inn í Seyðisfirði sbr. bréf Guðmundar Ólafssonar dags. 6. maí 2019.

Nefndin leggur til að stöðuleyfi til 1 árs er veitt frá dagsetningu bréfsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið klukkan 18:37

Undirritað